

Fundur í Háskólaráði

Dags. 11.10.2021

Staður og tími: Teams kl. 11:00

Málsnúmer:

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Einar Svansson, Sævar Ari Finnbogason, Jóhanna Marín Óskarsdóttir, Arney Einarsdóttir,

Fulltrúar nemenda: Hlynur Finnbogason, Erla Björg Eyjólfsdóttir, Júlíus Andri Þórðarson

Áheyrnaraðilar: Hafsteinn Sæmundsson, Lydía Geirsdóttir og Njörður Sigurjónsson

Fjarverandi: , Egill Örn Rafnsson, Kara Friðriksdóttir, Vignir Már Sigurjónsson

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - a. Samþykkt
2. Fjármál
 - a. Hafsteinn fór yfir 8 mánaða milliuppgjör
 - b. Skólagjaldatekjur hærri en áætlað var eða um 5,5%. Fengum m.a herra framlag frá ríkinu vegna aukins fjölda nemenda við skólann og aukin skólagjöld vegna þessa.
 - c. Útgjaldaliðir einnig hærri en áætlað var um 6,1%
 - d. Eigum eftir að fá tekjur vegna verkefna frá vinnumálastofnun
3. Viðhald á Bifröst
 - a. Það verður lagt mikið upp úr viðhaldi á skólahúsnæðinu á næstunni. Verið að gera Hreinsun að betra skrifstofurými, laga pottinn, verið að laga listaverkið á vegnum inni í kringlu. Kringla þarf að fara í sérstakt ferli þar sem hún er friðuð en áætlað er að fara í viðhald á henni á næstunni.
4. Erindi frá nemendum – gæðanámskeið með gæðastjóra
 - a. Ekkert erindi frá nemendum
5. Jafnréttisáætlun borin upp til samþykktar
 - a. Áætlun samþykkt án athugasemdar
6. Fréttir af skólahaldi
 - a. Helga Kristín Auðunsdóttir varði doktorsritgerð sína fyrst nemenda úr lögræðideild. Lagadeildin er 20 ára og 3. Desember verður afmæli deildarinnar fagnað á afmæli Ólafar Norðdal sem stofnaði deildina.
 - b. Fyrsta útskrift úr Háskólagátt á ensku fór fram þann 25. September s.l sem tókst mjög vel.
 - c. Verið að ljúka samningi við SSV um samstarf við fyrirtæki á svæðinu um skrif á loktaritgerðum bæði á bakklárs og meistarastigi. Einnig er verið að bjóða upp á samstarf varðandi Starfsnám við fyrirtæki á svæðinu.
 - d. Nýsköpunar og þróunarsetur hefur verið stofnað í samstarfi við Lbhí, SSV, Borgarbyggð og Breiðina nýsköpunarsetur á Akranesi um öflugt nýsköpunar og þróunarsetur
 - e. Við förum í nýtt Húsnæði í Rvk í Borgartúninu um mánaðarmótin



- f. Fagstjórar hafa verið skipaðir fyrir hverja námslínu við skólann sem skiptir sköpum þegar kemur að persónulegri þjónustu og auki gæði námsins
 - g. Auka starfsemi símenntunar m.a. með því að bjóða upp á minni kúrsa.
7. Önnur mál
- a. Arney leggur til að það verði sérstakur liður frá starfsmönnum.
 - b. Arney spyr um vinnuaðstöðu kennara á Bifröst, MJN svarar því að hún ætti að verða tilbúin í lok þessarar viku. ES sagði að það væri verið að þrifa og ganga frá í Hreinsun.
 - c. Arney leggur til að allir í HR verði ávallt með headset á fundum
 - d. Erla Björg spyr hvort það verði erindi til nemenda frá starfsmönnum og kennurum. Vel tekið í það
 - e. Sævar leggur áherslu á að allir sem sitji fundi séu almennt í mynd
 - f. Júlíus Andri spyr út í gistaðstöðu fyrir nemendur og hvort verið er að leigja það út fyrir aðra en nemendur. MJN fer yfir stöðuna á sölu eigna og útleigu.
 - g. Hlynur spyr hvort hægt verði að leigja það Húsnæði
 - h. Hlynur spyr út í hvernig könnun á vinnuhelgum sem Lydíja stóð fyrir. MJN segir að búið sé að vinna úr könnuninni. LG fór yfir það hvernig nemendur vilja mæta á vinnuhelgar. 87% vilja hafa val um að mæta á staðinn eða mæta á Teams. ES minnir á jafnræðið og það sé samræmi á milli kennara hvernig boðið er upp á vinnuhelgarnar. AE sammála ES en líka að það skiptir miklu máli hvort og hvernig boðið er upp á námið, leggur áherslu á að það eru efnistökin sem skipta máli. SAF sammála Arneyju, það er síðan spurning um nálgun, hvernig efnið er lagt fram og hvort hægt er að leggja inn efni fyrir þá sem ekki komast. Umræður eru hinsvegar flóknari. HLP sagði frá Theater hugmynd háskólans í Antwerp í Hollandi sem byggir á að virkja nemendur í sal og á skjá og möguleika á að nýta það í kennslu á Bifröst verði farið í Hybrid kennslu. EBE Er hægt að gera eitthvað til að auka hvatann til að mæta? LG Það á eftir að ræða við kennara og það er næsta skref, en það á eftir að skoða þetta úr frá tækni og kennslufræði. HF Það er mikilvægt að skoða þetta en það er svo vont þegar bæði er í boði og fair sem mæta.
 - i. HF leggur til að háskólaráð fundi einu sinni í persónu en ekki bara á Teams.

Fundi slitið kl. 11.50

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir